

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

26. nóvember 2018

Frumvarp vegna breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

Með vísan í tilkynningu í Samráðsgátt stjórnvalda, dagsett þann 12. nóvember síðastliðinn þar sem óskað var eftir umsögnum um frumvarp vegna breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, þá veitir Samorka hér umsögn sína.

Rafræn gagnaskil

Það er mat Samorku að það sé ávallt til fyrirmyndar og í takt við nútímann þegar ríkisstofnanir bjóða upp á rafræn gagnaskil. Þannig fagna samtökin því að það verði mögulegt að skila útstreymisgögnum og öðrum gögnum úr grænum bókhaldskerfum með rafrænum hætti til Umhverfisstofnunar. Þar er einnig mikilvægt að tryggja að skil hvers árs séu sem skilvirkust og ekki þurfi að fylla inn lið fyrir lið ýmsar upplýsingar sem óbreyttar eru á milli ára.

Heimildir stjórnvalda til að leggja á sektir

Að mati Samorku er tilefni til að endurskoða þá verkaskiptingu milli heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar, sem birtist í frumvarpinu. Fyrir orku- og veitufyrirtækin eru heilbrigðiseftirlitin leyfisveitandinn og að mati samtakanna er eðlilegra að heimild stjórnvalda til að leggja á sektir sé hjá heilbrigðiseftirlitunum frekar en Umhverfisstofnun, sem eðli málsins samkvæmt getur haft mun minni þekkingu á þeim málum sem fjalla á um. Samorka leggur til að þetta verði endurskoðað, í ljósi þess hversu mikilvægt er að svæðisbundin stjórnvöld sem þekkja málin oft best, séu öflug og geti sinnt sínu hlutverki.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllt,



Páll Erland,
framkvæmdastjóri